| Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu | Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta | Hvenær hefst | Hvenær lokið | Ábyrgðaraðili/ar | Endurmat, hvenær/hvernig |
|---|---|---|---|---|---|
| **Svið I – Leikskólinn og umhverfi hans[1]** | | | | | |
| • Leita leiða til að fjölga kennaramenntuðu starfsfólki svo leikskólinn uppfylli ákvæði laga um kennara | Laus störf eru ávallt auglýst og þá auglýst eftir kennurum. Lagt upp með að starfið sé aðlaðandi og samkeppnishæft við aðra skóla og stofnanir. | Alltaf | | Sveitastjórn-Skólanefnd-skólastjórnendur | Vor 2024 |
| • Húsnæði leikskólans uppfyllir ekki að öllu leiti ákvæði laga svo sem fjölnota rými til hreyfileikja, þjálfunar, listsköpunar og annarra viðburða. | Send hefur verið greinargerð til sveitafélagsins með óskum um að tekið verði föstum tökum á þeim húsnæðisvanda sem Bláskólaskóli stendur frammi fyrir. | Haust 22 | | Sveitastjórn - Framkvæmdasvið | Haust 23 Skýrsla húsnæðisnefndar sveitafélagsins. |
| • Huga þarf að þátttöku starfsfólks og skólasamfélagsins að stefnumótun | Að alltaf sé þess gætt að fulltrúar séu í þeim nefndum og ráðum sem koma að stefnumótun skólastarfsins. | Alltaf | | Skólastjórnendur | Vor 2024 |

[1] Bætið við línum eftir þörfum.

| Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu | Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta | Hvenær hefst | Hvenær lokið | Ábyrgðaraðili/ar | Endurmat, hvenær/hvernig |
|---|---|---|---|---|---|
| **Svið II – Stjórnun** | | | | | |
| • Endurskoða námskrá í samræmi við aðalnámskrá leikskóla frá árinu 2011 með aðkomu kennara, annars starfsfólks, foreldra og barna | Við endurskoðun skólanámskrár fara yfir og bera saman Aðalnámskrá 2011 við Skólanámskrá á sameiginlegum starfsmannafundi og á fundi með skólaráði.<br>Námskrá var á sínum tíma gerð með öllum aðilum en hefur verið endurskoðuð síðan árlega. Kominn tími á slíka vinnu sem myndi þá vera í kjölfar skólastefnu Bláskógabyggðar.<br>Byrjuð var vinna haustið 22 þar sem vangaveltur og leiðir skoðaðar hvernig skoðanir og upplifun barna í skólanum kemur fram í skólanámskrá og því mati sem lagt er á skólastarfið. | Haust 22 | | Skólastjórnendur<br>Deildarstjórar | Haust 23 |
| • Í skólanámskrá skal tilgreina hvaða upplýsingar fylgja barni þegar það flyst á milli leikskóla eða grunnskóla, hvernig unnið er með hæfniþætti í samræmi við aldur og þroska barna, birta upplýsingar um innra mat á | Uppfæra texta í skólanámskrá með tilliti til þessara athugasemda.<br>Í samstarfi við deildarstjóra, kennara og annað starfsfólk.<br>Setja upp skriflegt og sýnilegt verklag um aðlögun á milli deilda í öllu skólastarfi samrekinnar stofnunar Bláskógaskóla Laugarvatni. | Vor 23 | | Skólastjórnendur | Vor 24 |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| árangri og gæðum leikskólastarfs og birta viðmið fyrir leikskólastarfið til að meta út frá innra mati. | Skerpt sé á skráningu þess sem er í persónulegri möppu hvers nemanda þegar hann flyst á milli stiga. Einnig að fara betur yfir textann sem er í starfsáætlun fyrir hvert ár hvort þessir þættir séu teknir fyrir þar. | | | | |
| • Samfara endurskoðun á skólanámskrá ættu að fara fram umræða um hvernig vinna á að Barnasáttmála Sameinuþjóðanna. | Umræður og úrvinnsla á sameiginlegum fundum beggja skólastiga. Allur skólinn þarf að fara í þessar umræður og aðgerðir. | Vor 23 | | Skólastjórnendur | Vor 24 |
| • Vinna starfsáætlun í samvinnu við kennara, annað starfsfólk, foreldra og börn | Umræður og úrvinnsla í vinnsluferlinu með deildarstjórum/kennurum/öðru starfsfólki/börnum. Borið undir foreldraráð og tillit tekið til niðurstaðna úr t.d. skólapúlsi og samtölum við foreldra. | Vor 23 | | Skólastjórnendur | Haust 23 |
| • Gera formlega og skriflega verkskiptingu milli stjórnenda og kynna fyrir starfsfólki | Skilgreina betur þær starfslýsingar sem til eru varðandi skólastjórnendur kynna hvar hægt er að nálgast þær þegar. Hafa líka í huga að horfa eftir þörfum hverju sinni í stöðugildi stjórnenda. | Vor 23 | | Skólastjórnendur | Haust 23 |
| • Finna leiðir til að gera upplýsingaflæði til starfsfólks skilvirkara | Setja upp töflu á kaffistofu fyrir vikuna. Fara yfir með öllum að hausti og með nýju starfsfólki með hvaða leiðum upplýsingum er komið áleiðis | Vor 23 | | Skólastjórnendur<br>Deildarstjórar<br>Starfsfólk | Haust 23 |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | innan stofnunarinnar (e-mail, heimasíða, Facebook hópur, fundargerðir eru, sameiginlegar möppur með gögnum útprentað og í tölvunni) Starfsfólk uppfæri dagbækur inni á deildum þegar nýjar upplýsingar komi. Starfsfólk punkti hjá sér upplýsingar sem fram koma á fundum. Möguleiki á yfirlitsfundi í byrjun viku þar sem einn af hvorri deild tekur við skilaboðum fyrir deildina. Starfsfólk hringi inn óvænt veikindi og fjarvistir í símana í skólanum til að stytta boðleiðir. | | | | |
| • Auka eftirfylgni eftir starfsþróunarviðtöl | Gera starfsmannakönnun í lok snerpu samtala á vorin til að sjá betur afrakstur og árangur.<br>Í lok viðtala sé það rætt á hvaða hátt framhaldið verði að ábyrgð liggi hjá öllum hlutaðeigandi, starfsfólki á sínum persónulega þroska (óska eftir námskeiðum til að sækja, bæta sig í starfi, breyta því sem viðkomandi getur breytt osfrv.) og stjórnendum að koma að því sem starfsfólk hefur ekki valdsvið yfir (t.d. skipuleggja námskeið, óskir um breytingar í starfi osfv.) | Haust 22 | | Skólastjórnendur<br>Deildarstjórar<br>Starfsfólk | Vor 24 |

| Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu | Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta | Hvenær hefst | Hvenær lokið | Ábyrgðaraðili/ar | Endurmat, hvenær/hvernig |
|---|---|---|---|---|---|
| **Svið III – Uppeldis og menntastarf** | | | | | |
| • Gera og samræma verklag um hvernig bregðast á við erfiðri hegðun barna. | Skólaþjónusta Árnesþings hefur látið í té skjöl sem kynnt hafa verið fyrir starfsfólki varðandi viðbrögð kennara/starfsfólk við erfiðri hegðun. Það fer í möppu með starfsmannahandbók. Einnig að virkja betur og upplýsa starfsfólk til að nýta sér leiðir úr ART í viðbrögðum við erfiðri hegðun. Hvetja starfsfólk og kennara til að kynna sér ART og sækja námskeið í því ef hægt er. | Haust 22 | | Skólastjórnendur<br>Deildarstjórar<br>Sérkennslustjóri | Haust 23 |
| • Vinna ætti með uppeldislegar skráningar barna til að gera styrkleika, áhuga og getu þeirra sýnilega og skipuleggja næstu skref með þeim | Á starfsdegi og starfsmannafundum í febrúar og mars er rýnt í hvaða leiðir aðrir velja til skráninga. Eins að skoða vel hvaða leiðir eru nú þegar í skólanum og hvort hægt sé að skerpa á þeim eitthvað frekar. Einnig að bera undir börnin hvaða lausnir þau sjái ásamt því að breytingar verði gerðar í samvinnu með þeim. Ígrunduð umræða um hvaða leiðir falli vel að þeim áherslum sem eru í | Vor 23 | | Skólastjórnendur<br>Deildarstjórar<br>Kennarar | Haust 23 |

MENNTAMÁLASTOFNUN

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | skólanum og innleiðing á þeim hefjist svo í framhaldinu. | | | | |
| • Gera efnivið til listsköpunar sýnilegri | Nú þegar er efniviður sýnilegur og börnin vita að hverju þau ganga en ávallt er hægt að skerpa betur á hvernig þetta birtist börnunum inni á deildum.<br>Nýta ganga og veggi skólans til sýninga. Halda sýningu í íþróttahúsi einu sinni á ári. | Haust 22 | | Deildarstjórar<br>Kennarar | Haust 23 |

| Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu | Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta | Hvenær hefst | Hvenær lokið | Ábyrgðaraðili/ar | Endurmat, hvenær/hvernig |
|---|---|---|---|---|---|
| **Svið IV – Foreldrasamvinna og ytri tengsl** | | | | | |
| • Gera fundargerðir skólaráðs aðgengilegar á heimasíðu skólans | Þegar fundargerð hefur verið samþykkt sé hún sett inn heimasíðu skólans | Vor 23 | | Skólastjórnendur | Haust 23 |
| • Koma til móts við foreldra með tímasetningar á viðburðum skólans | Foreldrum boðið val um tímasetningar þegar það er hægt, einnig að hægt sé að kjósa um ákjósanlegar tímasetningar í skipulagi viðburða og þá er það meirihlutinn sem hefur valdið út frá valkostum sem skólinn býður upp á. Foreldraviðtöl séu í einhverjum tilvikum í boði í gegnum fjarfundarbúnað. | Haust 22 | | Skólastjórnendur<br>Deildarstjórar | Haust 23 |
| • Koma til móts við foreldra varðandi móttöku barna á morgnanna | Leggja sig fram um að komið til móts við þarfir barna í móttöku þeirra í leikskólann á morgnanna. Taka á móti barninu með jákvæðni og notalegu viðmóti. Að foreldrar og starfsfólk skapi í sameiningu jákvæða byrjun á leikskóladeginum. | Alltaf | | Deildarstjórar<br>Kennarar<br>Starfsfólk | Haust 23 |
| • Gera foreldra virka þátttakendur í undirbúning | Foreldrar eru ávallt upplýstir um það þegar ferli flutninga hefst. Í Foreldraviðtölum er farið yfir ferlið | Vor 23 | | Skólastjórnendur<br>Deildarstjórar | Haust 23 |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| á flutningi barna á milli skólastiga. | sem börnin fara í gegnum hvort sem það er flutningar á milli deilda eða milli skólastig. Þar er samtal þar sem foreldrar og kennarar fara yfir ferlið í sameiningu og rætt um þá þætti sem valda áhyggjum eða kvíða ef einhverjir eru. Upplýsingaflæði er svo aukið þegar ný skref eru tekin í stiginu. Skipurit yfir ferlið er hægt að nálgast inni á heimasíðu skólans og geta foreldrar fengið eintak af því en einnig að foreldrar upplifi sig velkomin að taka þátt í ferlinu með barninu. | | | | |

| Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu | Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta | Hvenær hefst | Hvenær lokið | Ábyrgðaraðili/ar | Endurmat, hvenær/hvernig |
|---|---|---|---|---|---|
| **Svið V – Skóli án aðgreiningar** | | | | | |
| • Æskilegt að hafa skipulag og verkferla sem unnið er eftir ef upp kemur grunum um frávik hjá barni, aðgengilegt á heimasíðu | Komið á heimasíðu. | Haust 22 | | Skólastjórnendur<br>Sérkennslustjóri | Haust 23 |
| • Bæta upplýsingastreymi til starfsfólks varðandi börn með þroskafrávik | Ávallt er lagt upp með að þeim sem þurfa upplýsingar fá þær. Í ljósi persónuverndar barns er einnig passað upp á að þeir sem þurfi að vita fái að vita.<br>Mikilvægt er að þeir sem vinna með börnunum fái nauðsynlegar upplýsingar til að geta unnið eins faglega og kostur er til að styrkja og styðja við barnið. Þær upplýsingar eru veitar á deildarfundum eða á trúnaðarfundum. | Alltaf | | Skólastjórnendur<br>Deildarstjórar<br>Sérkennslustjóri | Haust 23 |
| • Gera móttökuáætlun fyrir leikskólabörn með annað móðurmál en íslensku | Bæta orðalag í fyrrum móttökuáætlun við endurgerð hennar. | Haust 23 | | Skólastjórnendur<br>Deildarstjórar | Vor 24 |
| • Hafa skal hagnýtar upplýsingar um leikskólann | Bæta við endurnýjun áætlana á nýju skólaári. | Haust 23 | | Skólastjórnendur | Vor 24 |

MENNTAMÁLASTOFNUN

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| á heimasíðu á fleiri tungumálum. | | | | | |

| Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu | Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta | Hvenær hefst | Hvenær lokið | Ábyrgðaraðili/ar | Endurmat, hvenær/hvernig |
|---|---|---|---|---|---|
| **Svið VI – Innra mat** | | | | | |
| • Umbótaáætlun á að taka mið af öllu skólastarfi á báðum skólastigum | Hefur gert það til þessa. | Alltaf | Alltaf í gangi | Skólastjórnendur | Vor 24 |
| • Allir hagsmunahópar ættu að koma að því að ákveða áherslur og skipulag innra mats t.d. með stofnun matsteymis sem í sitja fulltrúar stjórnenda, starfsfólks og foreldra. | Í matsteymi sitja fulltrúar þessara hagsmunahópa og í skólaráði og skólanefnd koma inn fulltrúar foreldra sem yfirfara allt innra og ytra mat skólans. | Alltaf | Alltaf í gangi | Skólastjórnendur | Vor 24 |
| • Í umbótaáætlun þarf að koma fram hvaða þætti eigi að meta, hvernig þeir tengjast markmiðum skólans, hvernig eigi að meta þá og hvenær, hvaða viðmið liggi til | Gera umbótaáætlun | Vor 23 | Mars 23 | Skólastjórnendur | Haust 23 |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| grundvallar og hver beri ábyrgð á matinu. | | | | | |
| • Leita skal leiða til að meta líðan og viðhorf barna til leikskólastarfsins | Verið er að skoða með hvaða hætti aðrir skóla vinna með þennan þátt. Og á deildarfundum í febrúar/mars og starfdegi í mars 23 verður umræða og ígrundun þar sem skoðaðar eru leiðir til þessarar skráninga | Vor 23 | | Sjálfsmatsnefnd<br>Skólastjórnendur<br>Deildarstórar<br>Kennarar | Vor 2024<br>Sjálfsmatsnefnd |
| • Gera sýnilegt hvernig aðferðir og leiðir í starfi leikskólans er metið | Hvaða leiðir er farið í skólastarfinu og hvernig það er metið skal koma fram í starfsáætlun ár hvert og skólanámskrá. Einnig kemur fram í foreldraviðtölum 2x á skólaári með hvaða leiðum mat á þroska og framförum hvers barns er gert og færð rök fyrir þeirri vinnu sem unnin er með hverju barni | Vor 23 | | Skólastjórnendur<br>Deildarstjórar<br>Kennarar | Vor 24 |
| • Þegar niðurstöður innra mats liggja fyrir þurfa að eiga sér stað samræður meðal hagsmunaaðila um þróun og umbætur | Umræður um þróun og úrbætur fara fram á deildarfundum og starfsmannafundum. Eins eru ráð og nefndir skólans upplýstar um þá þætti sem viðkoma þeirra verksviði svo og ef eitthvað viðkemur rekstaraðilum skólans. Fundargerðir eru gerðar eftir alla starfsmannafundi og eru þær aðgengilegar öllu starfsfólki og fundargerðir eftir alla fundi sem birtar eru á þar til gerðum svæðum. Umbótaáætlun varðandi innra mat er tekin fyrir á öllum þessum fundum þar sem unnið er með þá þætti. | Haust 22 | | Skólastjórnendur | Vor 24 |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| • Meta stefnu leikskólans og markmið reglubundið og skilgreina viðmið um gæði og árangur | Sameiginlegir fundir, starfsdagar og deildarfundir ásamt undirbúning kennara eru nýttir yfir árið til að ígrunda og skoða starfið í skólanum. Hvort heldur er út frá eigin viðmiðum og markmiðum eða í samanburði við aðra skóla, stofnanir og út frá þeim viðmiðum, reglum og stefnum sem menntastefna ríkis og eða sveitarfélagsins miðar við. | Alltaf | | Skólastjórnendur<br>Deildarstjórar<br>Kennarar | Vor 24 |
| • Huga að hlutverki skólaráðs og ákveða áherslu og forgangsröðun í innra mati | Skólaráð er í skólanum og starfar það eftir þeim lögum og reglum sem skólaráð lúta. Sbr 28. Gr í lögum um leikskóla.<br>https://www.althingi.is/lagas/151b/2008090.html<br>Starfslýsing skólaráðsins má sjá í handbók um skólaráð https://samfok.is/wp-content/uploads/2017/11/Handb%C3%B3k-um-sk%C3%B3lar%C3%A1%C3%B0.pdf<br>Skólaráð skólans starfar nú þegar eftir þessum reglum. | Alltaf | | Skólastjórnendur | Vor 24 |
| • Efla mat og ígrundun starfsfólk á eigin starfsháttum í daglegu starfi | Starfsfólk tók þátt í þróunarverkefni skólaárið 21-22 þar sem þau rýndu í eigin störf, einnig eru starfmannaviðtölin til þess að starfsfólk ígrundi starfið  og á hvaða vegferð þeir eru. Starfsfólk er einnig hvatt til að nýta sér undibúnings tíma sinn til að þróa sig í starfi og ígrunda, lesa sér til um leikskólastarf og hvaða hlutverk viðkomandi hefur í því teymi sem hann starfar í innan skólans. | alltaf | | Skólastjórnendur<br>Deildarstjórar<br>Kennarar og annað starfsfólk | Vor 24 |
| • Endurskoða reglulega sjálfsmatsáætlun og gera þar grein fyrir | Bæta inn í sjálfsmatsáætlunina og endurskoða hana | Vor 23 | | Skólastjórnendur | Vor 24 |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| innra mati í leikskólanum | | | | | |
| • Vinna árlega greinargerð út frá niðurstöðum innra mats þar sem fram kemur mat á framgangi umbóta frá fyrra ári | Gera samantekt um þau skref sem tekin hafa verið út frá niðurstöðum innra mats. | Vor 23 | | Skólastjórnendur | Vor 24 |